

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 4.7.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson (JV), Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ),

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Eftir er að panta merkihæla, það er eina útistandandi málið frá síðasta fundi, önnur atriði hafa verið afgreidd.
- Farið yfir framgang við áfanga 4 og 1a. Verið er að tengja í tengitunnum í áfanga 4 og blása síðustu leggina þar. Í framhaldi hefjast mælingar sem áætlað er að verði skilað í viku 29 eða 30. Jarðvinna við áfanga 1a er hafin og gengur skv. áætlun. Verið er að plægja í Miðfellshverfinu. HÚ óskaði eftir því að GD sendi sem fyrst uppfærða einlínummynd og strengjaskrá fyrir áfanga 1a skv. þeim breytingum sem komu fram á fundinum og hefst blástur á strengjum í beinu framhaldi af jarðvinnu. Farið var yfir lagnaleiðir í áfanga 1a og þau hús þar sem þátttaka er staðfest.
- Umræður um röramál og stærð strengja í áfanga 1b. Ákveðið að setja tvíburarrör í stofnleið í áfanga 1b. Af þeim sökum var ákveðið að færa áfanga 2 fram fyrir áfanga 1b í verkáætlun. Því er næsti áfangi frá Hólakoti að Syðra-Langholti.
- JV lagði til að nálgast sumarhús og fól GD að hafa samband við forsvarsmenn þeirra hverfa sem sýnt hafa verkefninu meiri áhuga en aðrir.
- Önnur mál ekki rædd og fundi slitið.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD panta merkihæla
- GD útbúa einlínummynd af áfanga 1a. skv. breytingum ásamt tengimyyndum í framhaldinu.
- GD hafa samband við forsvarsmann Kríubyggðar.